



Árs- og gagnsæisskýrsla 2024-2025

EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Ávarp stjórnarformanns	4
Starf stjórnar og skrifstofu frá maí 2024 til maí 2025:	
Skipan stjórnar STEFs	5
Nordic Union-fundur á Íslandi	5
Endurnýjaður og uppfærður samningur við Sýn	5
Þjónustukönnun STEFs 2024 – Niðurstöður	6
Vörumerkjavitund – Kynningarátak og könnun	6
Breyting á verðskrá fyrir tónleika	7
Skjölum haldið til haga	7
Kynjagreiðing 2025	8
Aukið framlag í Upptökusjóð og Stórverkasjóð	9
Nýjar reglur um hlutdeildarágreining	9
Tónleikaleikur STEFs & Atmo Select	10
Tónskáldasjóður Jóns Leifs stofnsettur	10
Breyting á reglum um frumflutning	11
Gjaldtaka fyrir óvenju mörg skráð verk	11
Nýir starfsmenn og andlitslyfting á Laufásvegi 40	12
Nánari tölfræði á „Mínum síðum“	13
Ytra umhverfi:	
„Manngerð hugverk þarf að vernda!“	
–Rannsóknarskýrsla CISAC um gervigreind og höfundarétt	14
Gervigreindartónlist - Stefna norrænna samtaka um leyfisveitingar ...	15
Ráðherra í heimsókn	16
Guðrún Björk á höfundaréttarþingi	16
Umsagnir STEFs til Alþingis	16
Ýmislegt úr starfinu:	
Dagur íslenskrar tónlistar 2024	17
Íslensku tónlistarverðlaunin 2025	18
Magnús Eiríksson sæmdur „Þakkarorðu íslenskrar tónlistar“	19
Hjálmar hylltur og heiðraður	20
Þorsteinn fær gullið	20
Aðalsteinn Ásberg hlýtur heiðursmerki	21
Ört vaxandi tónhöfundar verðlaunaðir	21
Viðburðir, vinnustofur og fleira:	
Söngtextanámskeið Braga Valdimars	22
„Smellasmíði“ #3	22
AIRSONGS – Lagasmíðabúðir ISC	22
SyncCamp '24 í Póllandi	23
Vindur í seglum 2024-25	24
Bransaveislan 2024	24
Fræðslu- og kynningarfundir á liðnu starfsári	24
Tengd félög, nefndir og ráð	25
Menningarsjóður STEFs	26
Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaganna:	
Greinargerði FTT	27
Greinargerði TÍ	28
Tölfræði og nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2024	29-33
Leiftur frá liðinni tíð	34-35

Ávarp framkvæmdastjóra

Þegar ég lít yfir starfsárið sem nú er að líða finnst mér það hafa markast fyrst og fremst af tvennu; Annars vegar náðum við að klára endurnýjun á samningi við SÝN, sem kemur í beinu framhaldi af samningi STEFs við RÚV og nýrri verðskrá fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Þessa dagana erum við í viðræðum um samskonar endurnýjun samnings við Sjónvarp Símans. Þessir nýju samningar endurspeglar betur virði tónlistar fyrir þennan rekstur og þá sérstaklega hvað varðar hljóðvarp, sem enn lifir góðu lífi hér á landi.



Hins vegar hefur umræða um áhrif gervigreindar á tónlistargeirann verið allsráðandi. Í lok árs 2024, gaf CISAC út fyrstu alþjóðlegu skýrsluna, þar sem leitast er við að meta þessi áhrif á heimsvísu og er niðurstaðan sláandi, eða sú að 24% af heildartekjum tónhöfunda séu í hættu vegna gervigreindar. STEF hefur á undanförunum árum unnið mjög náið með norrænum systursamtökum í þessum málaflokki. Nýtt samnorrænt verklag hvað varðar skráningu verka sem unnin eru með aðstoð gervigreindar, sem tóku gildi sl. haust, eru m.a. afrakstur þessarar samvinnu. Þá tók STEF einnig það skref að heimila gjaldtöku vegna óvenju margra skráninga einstakra höfunda, sem hugsanlega eiga rætur sínar að rekja til gervigreindar. Hefur þetta norræna samstarf nú einnig leitt af sér útgefna stefnu um leyfisveitingar gervigreindargerðar tónlistar, sem felur í sér kröfu um að fyrirtæki sem bjóða upp á gervigreindarlausnir fyrir tónlist virði rétt höfunda, fylgi gagnsæjum reglum og gangi til samningsviðræðna við rétthafa, með það að markmiði að stuðla að því að markaður fyrir tónlist verði sjálfbær og sanngjarn.

„Hugmyndina um höfundarétt er ekki hægt að útvatna með gervigreind“...

—Björn Ulveus, formaður CISAC

Í stefnunni kemur fram að höfundaréttarsamtökin telja að veita eigi leyfi fyrir þrjú stig í virðiskeðjunni:

1. Þjálfun gervigreindar með verkum sem njóta höfundaverndar.
2. Þjónustu gervigreindarfyrirtækja sem bjóða upp á gervigreindarlausnir á sviði tónlistar til notenda, bæði annarra fyrirtækja sem og einstaklinga.
3. Opinberan flutning tónlistar sem gerð er af gervigreind.

Tel ég þessa stefnuyfirlýsingu mikilvægt skref í því ferli að rétthafar sameinist um að fá réttlátan skerf af þeirri virðisaukningu sem tónlist gerð af gervigreind hefur í för með sér, eða eins og Björn Ulveus, forseti CISAC, sagði fyrir skömmu: „Framfarir á sviði gervigreindar mega aldrei vera á kostnað höfunda, þannig að þeir verði af réttmætri þóknun. ... Hugmyndina um höfundarétt er ekki hægt að útvatna með gervigreind.“

Á sama tíma og óveðursskýin hafa hrannast upp í heimi höfundaréttar, er hægt að gleðjast yfir því að STEF hefur aldrei úthlutað jafn miklu til rétthafa og á síðasta ári, en yfir milljarður var greiddur út til bæði innlendra sem erlendra rétthafa auk þess sem sjóðir STEFs greiddu út um 94 milljónir, en þeir sjóðir hafa fyrir löngu sannað mikilvægi sitt fyrir nýsköpun tónlistar hér á landi.

Reykjavík, 2. maí 2025

Með vorkveðju.

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Ávarp stjórnarformanns

Enn einu rekstrarári er lokið hjá STEFi og enn einu sinni hefur úthlutun til meðlima STEFs aukist frá árinu áður. Hækkunin er þó hóflegri en í fyrra, sem var metár. Þó virðist það vera náttúruleg mál að alltaf er sótt að höfundarréttinum, nú sem aldrei fyrr. Gervigreindin er orðin raunveruleg ógn við starfsumhverfi tónlistarmanna, kannski sérstaklega þeirra sem vinna í bakgrunnstónlist, svo sem í kvikmyndum og sjónvarpi, en líka lagahöfunda, þar sem tónlist þeirra er oft leikin í t.d. almenningsrýmum. En hvað sem því líður þá mun þessi frumbörf mannsins, að njóta tónlistar sem samín er og flutt af öðrum manneskjum, aldrei hverfa. Hver veit, kannski verður þessi vélvæðing til þess að við kynnumst okkur betur sem lifandi verum og hvað það raunverulega er sem skilur okkur að frá tækninni.



Þó að STEF sé innheimtufyrirtæki, þá er STEF svo miklu meira en það. STEF er í rauninni lífæð íslensks tónlistarlífs. STEF hefur menningarlegu hlutverki að gegna sbr. sjóðakerfið, sem nýtist til sköpunar nýrra verka. Þannig nýta samtökin hluta af því sem kemur inn til þess fjárfesta í greininni og búa til nýjar tekjur. Það er sjálfbærni í hnotskurn. Þetta er þó ekki sjálfgefið og systursamtök okkar víða um heim hafa fallið frá styrkveitingum á við þessar. Við verðum að standa vörð um þetta fyrirkomulag. Innan STEFs eru tvö fagfélög, Tónskáldafélag Íslands og Félag texta- og tónhöfunda, og svo auðvitað allir þeir sem kjósa að vera utan félags. Á skrifstofunni vinnur svo gott fólk alla daga að því að innheimta fyrir afnot af verkum okkar. Saman myndum við stóra og fallega heild sem heldur uppi tónlistarlífi Íslands. Það má vera montinn af minna.

STEF hefur menningarlegu hlutverki að gegna sbr. sjóðakerfið, sem nýtist til sköpunar nýrra verka. Þannig nýta samtökin hluta af því sem kemur inn til þess fjárfesta í greininni og búa til nýjar tekjur ...

Stofnun Tónlistarmiðstöðvar á síðasta ári var sennilega besta gæfuspor íslensks tónlistarlífs í lengri tíma. Þó er það þannig, að miðstöðin er strax komin í fjárþröng eftir kröfu um niðurskurð frá ríkinu. Við þurfum öll sem eitt að taka höndum saman og tala fyrir málstað miðstöðvarinnar. Þar er of mikið að veði.

Reykjavík, 8. maí 2025.

Páll Ragnar Pálsson

Páll Ragnar Pálsson

STARF STJÓRNAR & SKRIFSTOFU - MAÍ '24 TIL MAÍ '25

Í skýrslunni er að finna helstu verkefni og stefnumál STEFs á ofangreindu tímabili, lykiltölur úr rekstri og yfirlit yfir starfsemi og úthlutanir STEFs. Þá er hér einnig að finna lit yfir stjórnskipan STEFs og upplýsingar um þá sem STEF hefur tilnefnt í hinar ýmsu nefndir og ráð, svo og þá sem gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir samtökin.

Skipan stjórnar STEFs á liðnu starfsári:

Páll Ragnar Pálsson, formaður

Bragi Valdimar Skúlason, varaformaður

Halldór Smárason

Hallur Ingólfsson

Hildur Kristín Stefánsdóttir

Magnús Jóhann Ragnarsson

Sóley Stefánsdóttir

Varamenn í stjórn voru Bergrún Snæbjörnsdóttir, Logi Pedro, Eðvarð Egilsson, Steinar Baldursson, Þuríður Jónsdóttir, Hrafnkell Pálmarsson og Bergur Þórisson.

Nordic Union-fundur á Íslandi

Fundur formanna, varaformanna og framkvæmdastjóra norrænu „stefjanna“, svo kallaður Nordic Union-fundur, var haldinn í Reykjavík þann 3. september 2024, en löndin skiptast á að halda slíka fundi. Daginn eftir var fundarfólki boðið upp á skoðunarferð um Borgarfjörð (á kostnað þátttakenda). Fundurinn var að þessu sinni haldinn í tengslum við fund með ráðgjafarnefnd NCB.

Helstu niðurstöður fundarins voru að styrkja enn frekar hið norræna samstarf, með því að reyna að halda betur utan um hina ýmsu norrænu fundi starfsfólks systursamtakanna. Var einnig ákveðið að fjármálastjórar þessara samtaka tækju upp reglulega fundi.

Sérstakar umræður voru um aukið samstarf norrænu systursamtakanna hvað varðar áskoranir gervigreindar, sem og sjálfbærni. Þá var rætt um hvort samtökin gætu verið í enn frekara samráði og talað í euknum mæli með einni röddu innan bæði Evrópusamtaka og alþjóðasamtaka.

Endurnýjaður og uppfærður samningur við Sýn

Í mars sl. var leyfissamningur STEFs við Sýn endurnýjaður og uppfærður, eftir alllangt ferli, en fyrri samningur var kominn nokkuð til ára sinna. Nýi samningurinn felur í sér niðurstöðu sem báðir aðilar geta vel við unað og munu rétthafar finna fyrir jákvæðum breytingum á næstu árum.

Rétt eins og útvarps- og sjónvarpsstöðvar þurfa á tónhöfundum að halda, þá þurfa þeir jafnframt á stöðvunum að halda. Það er höfundum að sjálfsögðu afar mikilvægt að fyrirtæki eins og Sýn séu starfrækt og hafi rekstrargrundvöll, en undir hatti Sýnar eru nokkrar af stærstu stöðvum landsins, helstar þeirra Bylgjan og Stöð 2.

Við þökkum forsvarsfólki Sýnar viðskiptin nú sem fyrr og hlökkum til áframhaldandi viðskipta og samvinnu, höfundum, ljósvakamiðlum og áheyrendum til heilla, ánægju og yndisauka.

Þjónustukönnun STEFs 2024 – Niðurstöður



Sl. sumar stóð STEF fyrir þjónustukönnun, sem við gerum að jafnaði á tveggja ára fresti. Þátttaka var með ágætum og við þökkum góð viðbrögð, það er mikilvægt að vita álit rétthafa á starfsemi og þjónustu STEFs.

Annars vegar er könnunin að upplagi á svipuðum nótum hverju sinni, þannig að samanburður fái á milli kannana. Hins vegar er jafnan spurt út í sértæk atriði eða málefni sem í deiglu eru hverju sinni.



Almennt er óhætt að segja að upplifun meðlima af STEFi sé góð, en einungis 1,89% sögðust ósátt við þjónustuna. Ímynd STEFs er ávallt gegnumgangandi stef og leiðir könnunin í ljós að um 67% svarenda telja að ímynd STEFs sé mjög góð eða góð. Til samanburðar var það hlutfall 53% árið 2020 og 59% árið 2022.

Tónleikahald var í fókusi á þessu sinni. Voru þátttakendur m.a. spurðir út í landslagið á þeim markaði, einkum fjárhagslega. Það var mat þeirra sem staðið hafa fyrir eða komið fram á tónleikum á s.l. 12 mánuðum, að í u.þ.b. 17% tilfella hafi tónleikar komið út í tapi. Einungis 30% telja miðasölu hafa gengið vel og sögðust 31% beinlínis erfitt að selja miða á tónleika.

Gervigreind hefur verið áberandi í umræðunni undanfarið og var í könnuninni sérstök áhersla á hana. Af þeim höfundum sem höfðu skoðun telja um 38% að gervigreind muni hafa neikvæð áhrif á tekjustreymi þeirra. Nánast allir, eða 95%, telja að tónlistarveitur ættu að auðkenna eða merkja sérstaklega verk sem samin eru af gervigreind, til aðgreiningar frá manngerðum verkum. Þá telja 89% að leita þurfi samþykkis rétthafa áður en gervigreind er mötuð eða þjálfuð með tónlist sem varin er höfundarétti.

Vörumerkjavitund – Kynningarátak og könnun



Á liðnu ári fengum við nokkra valda höfunda til að taka þátt í kynningarátaki fyrir samtökin. Með þeirra atfylgi voru framleidd fáein myndbönd, sérsniðin fyrir samfélagsmiðla og þau síðan keyrð um skeið á helstu miðlum. Við fengum Gallup til að gera tvískipta könnun á „vitund“ almennings um vörumerkið STEF, fyrst nokkrum mánuðum fyrir átakið og svo að því loknu.

Niðurstöðurnar voru í mjög stuttu máli þær, að eftir seinni könnunina voru færri sem aldrei höfðu heyrt um STEF, munaði þar um 4% frá fyrri könnun. Jafnframt jókst aðeins hlutfall þeirra sem eitthvað þekktu til starfseminnar. Erfitt er að lesa úr niðurstöðunum hvað varðar viðhorf til STEFs, því bæði fækkaði í hópnum sem voru mjög jákvæðir í garð samtakanna, en um leið fækkaði í neikvæða hópnum um tæplega 4%.

Þetta var hálfgerð tilraunaverkefni, en eftir standa hin ágætu kynningarmyndbönd sem gagnast munu áfram.

Breyting á verðskrá fyrir tónleika

Síðustu ár hefur verið töluverð hækkun á miðaverði á stærri tónleikaviðburði sem hafa farið fram t.d. í Hörpu, Hofi, Háskólabíó, Laugardalshöll og á öðrum sambærilegum stöðum. Hækkun á miðaverði má aðallega rekja til hækkunar á kostnaði vegna húsaleigu á tilgreindum viðburðarstöðum, leigu á tæknibúnaði, gæslubjónustu og tæknibjónustu. Því liggur fyrir að heildarinnkoma tónleikaviðburða af þeirri stærðargráðu sem fram fer á þessum tónleikastöðum er meiri en áður, en á móti er kostnaðurinn við slíka viðburði einnig hærri.

Í verðskrá STEFs er miðað við að veittur sé magnafsláttur af höfundaréttargjöldum af innheimtum tekjum vegna tónleika umfram kr. 6 milljónir. Hefur þetta tekjumark verið óbreytt frá og með árinu 2016 (en fram að því miðaðist magnafslátturinn við ákveðinn seldan sætafjölda). Verðskráin að öðru leyti hefur verið óbreytt í tugir ára, þ.e.a.s. að STEF hefur innheimt 4% fyrir minni tónleika en 2,5% fyrir stærri tónleika. Við þetta bætist innheimta fyrir SFH vegna spilunar hljóðrita á tónleikum sem reiknast sem 6% álag ofan á verð STEFs og er þetta álag almennt innheimt með greiðslunni til STEFs og er þá heildarprósentan 4,24% fyrir minni tónleika og 2,65% fyrir stærri tónleika.



Í nóvember 2024 tók stjórn STEFs ákvörðun um eftirfarandi breytingu á verðskránni:

- Uppfært tekjumark (í dag 6 millj. kr.) í 8.800.000 kr. sem er í raun uppreiknuð fjárhæð miðað við vísitöluhækkanir. Verður fjárhæðin eftirleiðis endurskoðuð árlega með tilliti til vísitölubreytingar.
- Verðskrá STEFs fyrir stærri tónleika verður breytt úr 2,65% í 3,18%, sem reiknast þá af tekjum umfram 8.8 millj. sbr. áðurnefnt. Þetta hlutfall (3,18%) er fengið á þann hátt að verð til STEFs hækki úr 2,5% í 3% en að álag til SFH reiknist þá áfram sem 6% af verði STEFs sem að samanlagt verður þá 3,18%.

Ástæðan fyrir þessari hækkun er fyrst og fremst sú að STEF er að innheimta nokkuð lægri gjöld fyrir stærri tónleika en gert er á hinum Norðurlöndunum. Með þessari breytingu verður verð STEFs fyrir stærri tónleika samt lægra en það er í Finnlandi og mjög svipað og bæði í Noregi og í Svíþjóð. Verð fyrir minni tónleika verði áfram óbreytt.

Þar sem stærri tónleikar eru venjulega skipulagðir með löngum fyrirvara, þá tekur þessi breyting ekki gildi fyrr en 1. janúar 2026 (tilkynnt var um breytinguna í janúar á þessu ári).



Skjölum haldið til haga

STEF var stofnað 1948 og í hirslum hefur ýmislegt safnast upp á langri leið. Í sumar var gerður skurkur í geymslum við Laufásveg, hvar leynist ýmislegt sem tengist sögu samtakanna og raunar tónlistarsögu landsins. Á dögnum gerði STEF samning við Þjóðskjalasafnið, um að fara í gegnum skjöl og varðveita það sem vert er að halda til haga. Um er að ræða gögn, bréf og fundargerðir frá upphafi, sem Þjóðskjalasafnið mun hreinsa, flokka, skanna og skrá með rafrænum hætti og birta í skjalaskrárkerfi sínu.


Kynjagreining 2025

Konur sækja í sig veðrið.

Árlega gerir STEF greiningu á kynjahlutfalli tónhöfunda. Kvenhöfundum hefur fjölgað smám saman, þótt hægt þokist. Nýjasta greining sýnir áframhaldandi hæga fjölgun kvenna, sem og hækkun í úthlutunum til kvenna.

Athyglisverðast við nýjustu könnunina er, að hlutfall kvenna sem eiga aðild að nýskráðum verkum jókst verulega á liðnu ári, eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Vert er einnig að geta þess, að árið 2024 var hlutfall kvenna á meðal nýskráðra höfunda hærra en nokkru sinni, ríflega fjórðungur (26%).

Glöggir skoðendur átta sig á því að örlítið skortir upp á að samtölur á myndinni nái 100%, sem helgast af fáeinum kynsegin höfundum.



Aukið framlag í Upptökusjóð & Stórverkasjóð

Stjórn STEFs ákvað á árinu að hækka framlög í annars vegar **Stórverkasjóð** og hins vegar **Upptökusjóð**, en framlög í þessa sjóði hafa verið föst krónutala og því glatað nokkuð verðgildi sínu vegna verðbólgu. Reyndar er stutt síðan Stórverkasjóður var stofnaður, en komin eru allmörg ár síðan framlagið í Upptökusjóð var ákveðið. Ákveðið var að framlögin verða frá og með næsta ári 4,4 millj í Stórverkasjóð og 8 milljónir í Upptökusjóð, en ákvörðunin komi þó að hluta til framkvæmda á árinu 2024. Þá munu sjóðirnir frá og með næsta ári verða tengdir vísitölu.

Fjöldi þeirra sem hlutu styrkúthlutun úr sjóðum STEFs árið 2024 var **293**, en samtals nam upphæð úthlutaðra styrkja u.þ.b. **95,6** milljónum króna.

Nýjar reglur um hlutdeildarágreining

Nýlega samþykkti stjórn STEFs reglur og verklag sem viðhafa skal, komi upp ágreiningur um hlutdeild í höfundarétti verka.

Fái STEF tilkynningu um að upp sé kominn ágreiningur um hvernig skipta eigi höfundarétti verks sem skráð er hjá STEFi og téð tilkynning virðist ekki augljóslega tilhæfulaus, þá er það fyrsta skref STEFs að biðja þann sem tilkynnir ágreininginn, að hafa samband við gagnaðila málsins og að senda þeim skriflega útskýringu á málinu ásamt viðhlítandi gögnum, þ.m.t. upptökum eða nótum af því verki sem við á. STEF þarf að fá afrit af þessum samskiptum beggja aðila til að aðhafast frekar í málinu.

STEF getur þá síðan skv. skriflegri beiðni haldið eftir greiðslum úthlutana til hlutaðeigandi höfunda í allt að fjóra mánuði og er verkið þá merkt sem óúthlutunarhæft í gagnagrunni STEFs (slík verk eru rauðmerkt á „Mínum síðum“). Ath. að engar greiðslur tapast þó á þessu tímabili.

Hægt er að óska eftir framlengingu á þessu tímabili, sé STEFi sýnt fram á að annaðhvort séu virk samskipti til að leysa málið á milli aðila eða þá að búið sé að stefna málinu fyrir dóm. Framlengir STEF þá annaðhvort þetta tímabil um aðra fjóra mánuði eða fram að þeim tíma að héraðsdómur liggur fyrir (og áfrýjunarfrestur er liðinn) eða hafi málinu verið áfrýjað fram að dómi Landsréttar. Hafi dómurinn breytt hlutdeildinni í verkinu frá upphaflegri skráningu, fylgir STEF þeim dómi, en hlutaðeigandi skal þá framvísa dómnum til STEFs. Hafi málið ekki farið fyrir dóm og lausn ekki fengist í málið áður en að ofangreindir frestir líða, breytir STEF verkskráningunni í fyrra horf.

Verði skráningu verksins breytt síðar af einhverri ástæðu og viðkomandi aðili telur sig hlunnfarinn vegna þess að STEF breytti verkskráningu í fyrra horf, þá getur hann ávallt sótt skaðabætur er ná fjárhæð úthlutanna STEFs beint til viðkomandi gagnaðila. STEFi skal heimilt í slíku tilviki að upplýsa aðila um fjárhæð úthlutunar á því tímabili sem um ræðir.


Vert er eð benda á, að meðlimir STEFs geta óskað eftir áliti matsnefndar STEFs, m.a. um líkindi tveggja verka, skv. reglum er gilda um matsnefndina. Álit matsnefndarinnar getur nýst sem gagn í dómsmáli, en er einnig bindandi fyrir meðlimi STEFs varðandi skráningu verka (í þeim tilvikum sem það á við). Dómstólar geta þó ávallt hnekk álit matsnefndar hvað varðar skráningu verka hjá STEFi.

Tónleikaleikur STEFs & Atmo Select

Í fyrrasumar stóð STEF í samvinnu við **ATMO Select** fyrir leik, sem fól í sér að almenningur tilnefndi fyrirtæki sem þykja nota tónlist vel og viðeigandi á þjónustusvæði sínu. Öll þau fyrirtæki sem nýta tónlist til að auka upplifun viðskiptavina komu til álita (verslanir, veitingastaðir, hótél, hárgreiðslustofur, o.s.frv.).

Úr tilnefningum valdi STEF síðan eitt fyrirtæki, sem verðlaunað var með því að **GDRN** birtist þar og hélt stutta tónleika fyrir viðskiptavinum. Fyrirtækið hlaut einnig þriggja mánaða fría áskrift að tónlistarveitupjónustu ATMO Select, auk þess sem ATMO lagði fyrirtækinu til ilm sem hentar starfseminni og bætir upplifun viðskiptavina.

Það var **Hafnartorg** sem varð fyrir valinu að þessu sinni.



Tónskáldasjóður Jóns Leifs stofnsettur



Tónskáldasjóður Jóns Leifs var stofnaður þann 10. október sl. Stofnaðilar eru STEF, Tónskáldafélag Íslands og dánarbú Leifs Leifs.

Með heimild í fjárlögum hefur menningarráðuneyti auk fjármálaráðuneytis gert stofnun sjóðsins að möguleika, en þar sem dánarbú Leifs Leifs (sonar Jóns Leifs) var án lögerfingja, erfði ríkissjóður eignir dánarbúsins þ.m.t. allan höfundarétt að verkum Jóns Leifs.

Með stofnun sjóðsins er leitast við að verða við þeirri ósk Jóns Leifs sem fram kemur í erfðaskrá hans frá 1964, með síðari breytingum, en þar kemur fram sá vilji að höfundarétti hans og

arði af honum verði ráðstafað til að styðja við opinberan flutning og útbreiðslu verka hans. Er menningarráðuneytinu þakkað sérstaklega fyrir að hafa geta gert stofnun sjóðsins að veruleika.

Í samræmi við ofangreint verður það meginmarkmið sjóðsins að vinna að framgangi tónlistar Jóns Leifs og halda á lofti nafni hans og ævistarfi. Þetta mun sjóðurinn gera með eftirfarandi hætti:

- Að styðja við rannsóknir, kynningu, dreifingu og flutning á tónlist Jóns Leifs og efla þekkingu á ævi hans og starfi.
- Að veita íslensku tónskáldi verðlaun í nafni Jóns Leifs fyrir tónverk í stóru formi sem að mati sjóðsstjórnar ber vott um frumleika og einstakan listrænan metnað og má ætla að hafi marktæka þýðingu í íslenskum tónskáldskap.

Búast má við að fyrstu styrkir sjóðsins verði veittir á þessu ári.

Breyting á reglum um frumflutning

Samkvæmt úthlutunarreglum STEFs er úthlutað sérstaklega fyrir frumflutning verka, með það fyrir augum að hvetja til nýsköpunar. Greitt er fyrir frumflutning verka í desemberúthlutun ár hvert.

Breyting var gerð á reglum um úthlutun fyrir frumflutning á liðnu starfsári. Markmið breyttra verklagsreglna er að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun, en nokkuð hefur borið á því undanfarin ár að fólk hafi misnýtt þetta fyrirkomulag.

Nýjar verklagsreglur eru þessar:

1. Verk, sem hafa fengið greitt fyrir flutning í fyrsta skipti í einhverri úthlutun STEFs á milli aðalúthlutunar, fara í sérstakan frumflutningspott.
2. Frumflutningur getur átt sér stað á tónleikum, útvarpi, sjónvarpi eða í streymi svo lengi sem að STEF úthluti á annað borð fyrir verkið (eins og er, er ekki möguleiki að samkeyra þetta með úthlutunum frá NCB og NMP.) Hafi verk ekki verið gefið út sem hljóðrit og frumflutningur á sér stað með lifandi flutningi, skal miða við að flutningurinn þurfi að hafa átt sér stað á eiginlegum auglýstum tónleikum sem STEF hefur getað innheimt höfundaréttargjöld af. Ekki er greitt fyrir frumflutning spunaverka á tónleikum, heldur verður verkið að hafa komið út í einhverju tilteknu formi.
3. Fjárhæð í frumflutningspotti skal breytast til samræmis við fjölda frumfluttra verka (punkta), í stað þess að fjárhæðin sé sú sama (með verðbreytingum) ár eftir ár. Þannig verður minni sveifla milli ára á greiðslum fyrir frumflutning.
4. Greiddar verða 5 kr. fyrir hvern punkt. Þessi fjárhæð skal breytast árlega í samræmi við vísitölu. Fyrir þriggja mínútna verk yrði þá greitt skv. ofangreindu kr. 4.320 kr. í frumflutning.
5. Ekki skal tekið við sérstökum tilkynningum um frumflutning frá höfundum.
6. Skrifstofa STEFs getur kallað eftir bæði sönnun um flutning verksins, s.s. frá tónleikahaldara eða um tilvist verksins sjálfs, s.s. á hljóðriti eða á nótum, ef skrifstofa STEFs telur nauðsynlegt að sannreyna frumflutninginn.
7. Þak skal sett á hvað hvert einstakt verk getur fengið úthlutað í frumflutningi. Þakið skal vera (fyrir árið 2024) 100 þúsund kr. og skal fjárhæð þessi breytast árlega í samræmi við vísitölu.
8. Miðað við úthlutun síðasta árs þýðir það í raun að verk sem eru lengri en 70 mínútur lenda í þakinu.
9. Hámark er á fjölda verka frá einum og sama höfundi sem geta fengið úthlutað frumflutningsálagi árlega.
10. Hámarkið eru 50 verk á ári. Í því sambandi skal sérstaklega passað að þetta hámark komi ekki niður á meðhöfundum sem eiga þá færri verk frumflutt. Þak þetta nær þó ekki til kvikmyndaverka, þar sem eitt tónspor í kvikmynd getur innihaldið mjög marga verkhluta sem hver og einn skráist eins og nýtt verk.

Gjaldtaka fyrir óvenju mörg skráð verk

Athygli er vakin á því að STEF áskilur sér rétt til að innheimta sérstök skráningargjöld af meðlimum í þeim tilvikum sem skráð eru óvenju mörg ný verk í einu eða á ári, s.s. vegna notkunar gervigreindar við tónsköpun. Var þetta ákveðið á stjórnarfundi nýlega.

Á þetta við ef fleiri en 20 verk eru skráð á sólarhring eða fleiri en 365 verk á ári. Hámark þetta á þó ekki við um skráningar á tónsporum (e. score) kvikmynda- og sjónvarpsþáttatónlistar, né um skráningar forleggjara fyrir hönd þeirra höfunda sem þeir eru í forsvari fyrir.

Stjórn STEFs tekur ákvörðun um fjárhæð gjaldsins og skal hún birt á heimasíðu STEFs. Fjárhæðin verður í fyrstu kr. 500 á hvert verk, en breytist með tilliti til vísitölu einu sinni á ári, í fyrsta sinn í janúar 2026.



Þrír nýir starfsmenn á liðnu starfsári



gegnum
starfsemina,
Sömuleiðis
söludeildar ef þá
STEFs.


Þrír nýir starfsmenn tóku til starfa hjá STEFi á liðnu rekstrarári. Sl. haust tók **Árni Sigurgeirsson** við stöðu sölu- og innheimtustjóra. Í febrúar hóf **Grímur Helgi Pálsson** störf sem fjármálastjóri og í liðnum mánuði tók **Katrín Eyjólfsdóttir** við stöðu gjaldkera og móttökustjóra. Við bjóðum þau hjartanlega velkomin og óskum þeim velfarnaðar í starfi.

Bókaðu fund með starfsmanni

Nú geta meðlimir STEFs bókað fundi með starfsfólki STEFs í heimasíðuna, til að fá ráðgjöf eða fræðslu viðvirkjandi t.d. varðandi lagaskráningar, úthlutanir eða samningaráðgjöf. geta viðskiptavinir bókað persónulegan fund með starfsfólki fýsir að fræðast, t.d. um innheimtumál, verðskrá, reglu- eða gangverk




Andlitslyfting á Laufásvegi 40

Á liðnum vetri fékk Laufásvegur 40 svolitla innri andlitslyftingu, ef svo má segja. Var til verksins fenginn innanhúshönnuður, sem breytti og bætti umhverfið til muna, án þess þó að umturna nokkru. Breytingarnar þykja vel lukkaðar og munu vafalaust verða til þess að bæta starfs- og fundaraðstöðu og lyfta andanum.



Nánari tölfræði á „Mínum síðum“

Undanfarið hefur verið unnið að því að bæta notendaumhverfið á „Mínum síðum“, nánar tiltekið fjölga tölfræðimöguleikum. Nú geta réttthafar tekið saman lista yfir 10 tekjuhæstu verk á ákveðnu árabili. Þegar þau birtast er svo hægt að smella á hvert og eitt og skoða tekjuþróun eftir árum, einnig skiptingu milli úthlutunarflokka, sem og skiptingu milli landa á tilteknu tímabili ef um erlendar greiðslur er að ræða. Einnig er nú með einföldum hætti hægt að sækja samtölur úr úthlutunum yfir ákveðið árabil. Ath. að þessi möguleiki felur ekki í sér NCB/NMP-úthlutanir að svo stöddu, en það stendur til bóta.



YTRA UMHVERFI

„Manngerð hugverk þarf að vernda!“

Rannsóknarskýrsla CISAC um gervigreind og höfundarétt

Nýlega héldu alþjóðasamtök höfundaréttarfélaganna, CISAC, blaðamannafund, þar sem kynntar voru niðurstöður rannsóknar samtakanna á áhrifum gervigreindar á tónlistarbransann, sér í lagi á höfunda.

Það var forseti samtakanna, **Björn Ulveus**, sem stýrði fundi og sat fyrir svörum að kynningu lokinni, en eins og flestum er kunnugt, þá var Björn driffjöldur hinnar dádú hljómsveitar, ABBA.



Hér eru helstu niðurstöður rannsóknarinnar hvað tekjur varðar:

- 16 milljarðar evra er áætlað markaðsverðmæti gervigreindarverka árið 2028. Yfir 40 milljarðar samtals á þessum 5 árum þangað til.
- Gervigreindargerð tónlist mun taka til sín um 20% tekna hefðbundinnar streymisspilunar og um 60% af tekjum tónlistarsafna (e. music libraries).
- Þetta þýðir að tekjutap verður 48 milljarðar evra árið 2028 (miðað við aðstæður án gervigreindar). Áætla má að 24% af heildartekjum höfunda séu í hættu vegna þessa.

Hér eru nokkrir punktar úr ræðu Björns:

„Framfarir á sviði gervigreindar mega aldrei vera á kostnað höfunda, þannig að þeir verði af réttmætri þóknun. Sú afstaða er ekki aðeins siðferðileg, heldur einnig skynsöm út frá efnahagslegum forsendum. Hugmyndina um höfundarétt er ekki hægt að útvatna með gervigreind.“

„Þjálfun gervigreindar byggist ekki á óvernduðum tónverkum, heldur á lögvörðum verkum skapandi höfunda. Þetta varðar því sköpunargáfu mannsins. Manngerð hugverk þarf að vernda, þannig að höfundar fái lífað af listsköpun sinni. Höfundar og tæknifyrirtæki þurfa að vinna saman og semja um sanngjarnt endurgjald. Það þýðir, að tæknifyrirtækin þurfa að fylgja gagnsæum reglum og virða höfundarétt.“

„Við óbreytt regluverk munu höfundar ekki njóta góðs af gervigreindarbyltingunni, heldur þvert á móti verða fyrir tjóni að tvennu leyti: Í fyrsta lagi vegna óleyfilegrar notkunar á verkum þeirra til gervigreindarþjálfunar, án nokkurs endurgjalds. Í öðru lagi má að óbreyttu gera ráð fyrir því, að gervigreindargerð tónlist muni yfirtaka eða ‘sjúga til sín’ tekjur sem réttilega hafa runnið til höfunda hingað til.“

Skýrsla þessi er mikilvægt innlegg í umræðuna um höfundarétt og gervigreind. Þeir sem vilja kynna sér hana frekar geta gengið að henni inni á heimasíðu STEFs (Höfundar > Gervigreind & tónlist).

STEF heldur áfram að láta sig þessa umræðu varða og gæta hagsmuna meðlima sinna hvað þetta áhrærir. Þess má geta að STEF er í mikilli samvinnu við norræn systursamtök um viðbrögð við þeirri byltingu sem gervigreindin er, bæði hvað varðar reglur um skráningu slíkra verka sem og hvernig leyfismálum verður háttað.

Gervigreindartónlist

–Stefna norrænu samtakanna um leyfisveitingar

Notkun gervigreindar í tónlist, ekki síst á sviði tónsmíða, hefur vakið upp krefjandi spurningar og efasemdir um lögmæti, enda styðjast gervigreindarmódel við höfundavarið efni í þróun og framleiðslu, nokkuð sem kallað hefur verið „spunagreind“ (e: generative AI).

Eðlilega hafa höfundaréttarsamtök hvarvetna látið sig þetta varða, því segja má að þessi þróun sé að verða helsta áskorun tón- og textahöfunda – og í raun tónlistarbransans í heild.

Enginn vafi leikur á því að framfarir á sviði gervigreindar byggja á höfundavörðu efni, því til þess að þjálfun gervigreindar skili árangri, skiptir aðgengi að stórum og fjölbreyttum gagnasöfnum höfuðmáli. Gagnasöfnin eru einfaldlega áður útgefin og höfundaréttarvarin tónlist, sem byggt er á til að læra og skilja flókin mynstur.

Höfundaréttarsamtök á Norðurlöndunum hafa nú komið sér saman um meginreglur varðandi leyfisveitingar fyrir gervigreindarfyrirtæki sem þjóða uppá þjónustu er byggir á spunagreind. Koma þar fram skýrar væntingar um að viðskipti slíkra fyrirtækja skuli taka mið af réttindum höfunda hugverkanna sem eru undirstaða framleiðslunnar.

Í sameininlegri yfirlýsingu segir:

„Fyrirtæki sem byggja á gervigreind verða að virða réttindi höfunda, starfa með gagnsæjum hætti og gera leyfissamninga við rétthafa. Norrænu samtökin leitast við að vera í fararbroddi við að móta sameiginlega afstöðu til leyfisveitinga fyrir slík fyrirtæki, með það að markmiði að byggja upp ábyrgt, sjálfbært og skapandi hagkerfi.

Þessi fyrirtæki reiða sig á höfundarréttarvarða tónlist til að þjálfra og framleiða efni, sem keppir beinlínis við hina manngerðu tónlist. Eins og með aðra notkun á höfundarréttarvarinni tónlist, þá verða framleiðendur að gera leyfissamninga við tilheyrandi samtök rétthafa, sem tryggja sanngjarna þóknun þeim til handa.“

Hina sameiginlegu stefnu norrænu höfundaréttarsamtakanna má lesa í heild sinni á heimasíðu STEFs (Höfundar > Gervigreind & tónlist).



Ráðherra í heimsókn

Logi Einarsson, nýr menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, kom ásamt aðstoðarfólki í hádegisverðarboð í höfuðstöðvar STEFs í gær, 20. mars. Tilefni heimsóknarinnar var að kynna fyrir ráðherra eðli og starfsemi samtakanna og veita stutta sýn inn í ærin verkefni sem við er að eiga frá degi til dags. Áttu fundarmenn gott samtal um starfið og krefjandi áskoranir sem blasa við tónhöfundum og tónlistarbransanum í heild sinni í nútíð og framtíð.

Stjórnarfolk STEFs og framkvæmdarstjóri stilltu sér upp fyrir myndatöku, eins og góð dægurlög gera ráð fyrir þegar svona ber undir. Við þökkum ráðherra og hans fólki fyrir góð viðkynni og gagnlegan fund.



Guðrún Björk á höfundaréttarþingi

Framkvæmdastjóri STEFs, Guðrún Björk Bjarnadóttir, hélt erindi og tók þátt í pallborði á norræna höfundaréttarþinginu í Kaupmannahöfn í september, um það hvort þjálfun gervigreindar án samþykkis rétthafa væri brot á höfundarétti. Nokkuð sem hún taldi vera vafalaust.

Umsagnir STEFs til Alþingis

STEF skrifaði umsögn um drög að frumvarpi til laga um listamannalaun, bæði til ráðuneytis og til Alþingis, á vormánuðum 2024 og var umsögninni fylgt eftir á fundi með Allsherjar- og menntamálanefnd. Meginefni frumvarpsins var að fjölga árlegum úthlutunarmánuðum auk þess að fjölga launasjóðum. STEF fagnaði frumvarpinu, en gerði um leið athugasemdir um skiptingu úthlutunarmánaða niður á mismunandi listgreinar, en STEF hefur lengi talið að tónlistargeirinn hafi borið skarðan hlut frá borði í samanburði við aðrar listgreinar.

STEF sendi einnig umsögn sl. sumar um drög að frumvarpi til menningarframlags streymisveita myndefnis, til eflingar íslenskri menningu og íslenskri tungu. STEF var hlynnt nýtingu heimildar tilskipunar Evrópusambandsins til að taka upp slíkt framlag til handa þeim sem framleiða lítið sem ekkert efni hér á landi eða sem hafa sérstaka íslenska menningarlega og samfélagslega skírskotun. Frumvarpið var ekki lagt fram á þessu þingi, en nú liggur fyrir að verið er að endurvinnna frumvarpið í ráðuneytinu. Þá er vert að minnast á, að komið hafa fram hugmyndir sem eru allrar athygli verðar um að setja slíkt sambærilegt menningarframlag á streymisveitur tónlistar.

ÝMISLEGT ÚR STARFINU

Dagur íslenskrar tónlistar 2024

Dagur íslenskrar tónlistar var í desemberbyrjun og samkvæmt venju voru afhentar viðkurkenningar við athöfn í Hörpu.

Hvatningarverðlaunin hlaut **Kolbrún Linda Ísleifsdóttir**. Líklega hefur enginn sótt fleiri tónleika í Hörpu en Kolbrún, sem sagt hefur að Harpa sé eins og hennar annað heimili. Þannig hefur hún sannarlega stutt við íslenskt tónlistarlíf.

BRJÁN („Blús-, rokk- og jazzklúbburinn á Nesi“) hlaut „Gluggann“ í ár, fyrir að byggja upp óhagnaðardrifið tónlistarhús í Neskaupstað. Þar er haldið úti fjölbreyttri og metnaðarfullri tónleikadagskrá og upptökuveri.

Tónleikastaðurinn **R6013** hlaut nýsköpunarverðlaunin. Það er hugarfóstur **Ægis Sindra Bjarnasonar**, en staðurinn er á jarðhæð heimilis hans og er hugsaður sem heimavöllur jaðartónlistar í Reykavík.

Útflutningsverðlunin hlaut hljómsveitin **Kælan mikla**, fyrir að halda á lofti merkjum íslenskrar tónlistar á erlendri grundu. Sveitin var stofnuð 2013 og hefur síðan verið ötul við tónleikahald og getið sér gott orð víða um lönd.

Heiðursverðlaunin í ár, „Litla fuglinn“, hlutu þau **Anna Hildur Hildibrandsdóttir** og **Gísli Þór Guðmundsson**, fyrir að byggja upp íslenskan tónlistariðnað, standa fyrir úflutningi og að veita tónlistarfólki atfylgi og stuðning af ástríðu um árabíl.

Þorsteinn Eggertsson var við þetta tilefni sæmdur heiðursmerki STEFs (nánar um það hér aftar).

Við athöfnina las Vigdís Hafliðadóttir aðdáendabréf til íslenskrar tónlistar, Helgi Björnsson söng, sem og GDRN, einnig sem Silva Þórðardóttir tók lagið ásamt Steing²⁰²⁴⁻²⁰²⁵



ÍTV 2025

Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV) fyrir árið 2024 voru afhent í Hörpu þann 12. mars sl. Heiðursverðlaunin í ár féllu í skaut **Steinars Berg Ísleifssonar**, sem um langt skeið var ötullasti tónlistarútgefandi landsins. Hann var jafnframt frumkvöðull í útrás íslenskrar tónlistar og með hans atfylgi náði Mezzoforte, fyrst íslenskra tónlistarmanna, lagi inn á breska vinsældarlista.

Plötur ársins 2024 þóttu vera „Miss Flower“ (**Emiliana Torrini**),

„Wandering Beings“ (**Guðmundur Pétursson**), „Allt sem hefur gerst“ (**Supersport**), „Öræfi“ (**Kjartan Valdemarsson**), „1000 orð“ (**Birnir og Bríet**), „Innosence“ (**Snorri Hallgrímsson**) og „De Lumine“ (Sif Margrét Tulinius).

Lög ársins voru „Fullkomið farartæki“ (**Nýdönsk**), „Í Draumalandinu“ (**Spacestation**), „Monní“ (**Aron Can**), Konsert nr. 2 fyrir hljómsveit (**Snorri Sigfús Birgisson**), „Mona Lisa“ (**Merkéta Irglová**) og „Visan“ (**Ingi Bjarni Skúlason**). Textahöfundur ársins var **Kristín Eiríksdóttir**, fyrir líbrettó í „Óperunni hundrað þúsund“.

Söngvarar ársins 2024 voru **Magni Ásgeirsson**, **Maríana Ósk Þórólfsdóttir** og **Ólafur Kjartan Sigurðarson**. Flytjendur ársins voru valin **Óskar Guðjónsson**, **Magnús Jóhann Ragnarsson**, **Una Torfa** og **Víkingur Heiðar Ólafsson**.

Nánar má fræðast um verðlaunahafa á vefslóðinni iston.is.



Magnús sæmdur „Þakkarorðu íslenskrar tónlistar“



Í desemberbyrjun var „Þakkarorða íslenskrar tónlistar“ afhent í fyrsta skipti, við athöfn og tónleika í Eldborgarsal Hörpu. Það var **Magnús Eiríksson** sem fyrstur hlaut slíka orðu, en meiningin er að hún verði afhent árlega, til að „fagna sköpunarkrafti og ævistafi íslensks tónlistarmanns“, eins og það er orðað. Í haust var sett á laggirnar sérstakt Tónlistarráð, sem m.a. er gert að velja verðlaunahafa, en þessi hugmynd kviknaði í samtölum **Lilju Daggar Alfreðsdóttur** og hagaðila.

Nokkuð hefur verið rætt um ósætti og „skautun“ í þjóðmálaumræðu undanfarið. Það má þó fullyrða að Íslendingar, háir sem lágir, séu á einu máli um mikilvægi framlags Magnúsar Eiríkssonar til íslenskrar tónlistar. Það er tónhöfundum eðlilega afar gleðilegt að Magnús skuli hafa verið heiðraður með þessum hætti, fyrstur manna. Í framhjálaupi er vert að minnast þess að hann er fyrrum formaður STEFs.

Það var menningar- og viðskiptaráðherra, fyrrnefnd Lilja Dögg, sem sæmdi Magnús orðunni með þessum orðum:

„Maggi Eiríks, eins og þjóðin þekkir hann, er ekki bara iðinn og fær tónlistarmaður heldur hefur fjölbreytni hans gefið íslensku þjóðinni marga dýrgrip og fyllt fjöldann allan af listafólki innblæstri. Laga- og textasmiðnum, gítarleikaranum og söngvaranum Magga Eiríks eru færðar þakkir frá okkur öllum og um leið vil ég þakka öllu því stórbrotna tónlistarfólki sem flutti lög Magnúsar í gærkvöldi. Ég fyllist enn á ný lotningu yfir þeim fjársjóði sem listafólkið okkar er. Takk Maggi og takk íslensk tónlist!“



Hjálmar hylltur og heiðraður

Hjálmar Helga Ragnarssyni var veitt heiðursmerki STEFs í lok tónleika í Hallgrímskirkju í janúar.

Hjálmar hefur verið atkvæðamikið tónskáld allt frá 1980, eftir heimkomu að loknu framhaldsnámi í Bandaríkjunum og Hollandi. Verk hans spanna allt frá einleiksverkum til stærri sínfónískra verka, frá einsöngslögum til söngleikja og ópera.

Hjálmar hefur látið að sér kveða í félagsstarfi listamanna og menningarpólítík, m.a. verið formaður Tónskáldafélags Íslands 1988-92 og forseti Bandalags íslenskra listamanna um átta ára skeið. Þá sat Hjálmar í stjórn STEFs á árunum 1986-1992 og 2018-2020. Hjálmar var ráðinn fyrsti rektor Listaháskólans við stofnun haustið 1998 og stýrði uppbyggingu skóland þar til hann lét af störfum 2013.

Þá hefur Hjálmar unnið við rannsóknir á íslenskri tónlist, m.a. er hann frumkvöðull að endurreisn tónlistar Jóns Leifs.

Á meðfylgjandi mynd má sjá formann stjórnar STEFs, Pál Ragnar Pálsson, næla heiðursmerkinu í Hjálmar, en framkvæmdastjórinn fylgist með.



Þorsteinn fær gullið



Á degi íslenskrar tónlistar, 29. nóvember sl. var **Þorsteinn Eggertsson** sæmdur heiðursmerki STEFs.

Þorsteinn er einn afkastamesti höfundur okkar. Hjá STEFi eru skráð u.þ.b. 500 verk eftir hann — langflestar textar — en fáir skilja eftir sig drygra dagsverk.

Þorsteinn er frá Keflavík og var ungur farinn að setja saman söngtexta fyrir hljómsveitir og plötuútgefendur. Um tíma starfaði Þorsteinn sem blaðamaður og fjallaði mikið um tónlist, en fræg eru viðtöl hans við Rolling Stones og Bítlan, hina einu sönnu. Þá hefur Þorsteinn í gegnum árin sent frá sér skáldsögur, auk heldur sem hann er myndlistamaður.

Vafalaust verður Þorsteinn ávallt þekktastur fyrir hina fjölmörgu söngtexta sína, sem Íslendingar hafa haft á vörum sér um langt árabil og syngja reglulega á mannamótum, án þess kannski að átta sig á því eftir hvern þeir eru.

Hending úr „Heim í Búðardal“ á hér vel við: „*Minna gagn gera má!*“. Við óskum Þorsteini til hamingju.

Aðalsteinn Ásberg hlýtur heiðursmerki

Heldur hefur gengið á medalíulagerinn á liðnu starfsári. Í aprílbyrjun var **Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson** sæmdur heiðursmerki STEFs. Fengu formaður og framkvæmdastjóri góðfúslegt leyfi til þess á dásamlegum tónleikum Guðrúnar Gunnarsdóttur í Salnum, hvar hún flutti lög úr ýmsum áttum, sem öll eiga það sammerkt að bera texta Aðalsteins.

Aðalsteinn er einn af okkar helstu höfundum í gegnum árin, en í gagnagrunni STEFs eru hátt í 350 skráð verk eftir hann, mest söngtextar, en einnig allmörg lög. Ýmsir söngtextar Aðalsteins hafa náð lýðhylli og mætti nefna lög eins og „Eitt lag enn“, „Ég lifi í draumi“, „Láttu þér líða vel“ og „Sumarlag“, svo fáein vinsæl lög séu upp talin.



Fyrir utan að vera afkastamikill höfundur, þá hefur Aðalsteinn einnig lagt mjög af mörkum til félagsstarfa innan STEFs, sem og innan FTT, þar sem hann var framkvæmdastjóri árum saman. Aðalsteinn var einnig lengi formaður fulltrúaráðs STEFs, auk þess að sitja stjórn STEFs og í nefndum á vegum samtakanna, m.a. um árabíl í Upptökusjóði. Hann hefur komið að ýmsum nauðsynlegum breytingum á gangverki samtakanna á liðnum árum, m.a. endurskoðun á samþykktum STEFs og úthlutunarreglum.

Við óskum Aðalsteini til hamingju og þökkum honum heilshugar góð og gagnleg störf í þágu tónhöfunda í gegnum árin.

Ört vaxandi tónhöfundar verðlaunaðir



Sl. sumar ákvað stjórn STEFs að brydda uppá þeirri nýjung að verðlauna efnilega höfunda samhliða hinum árlegu menningarnætur-tónleikum í bakgarðinum við Laufásveg 40. Var þetta gert í fyrsta skipti í fyrri.

Í ár hlutu viðurkenningar þau **Anna Gréta Sigurðardóttir**, **Ásgeir Bragi Ægisson** (Ouse) og **Katrín Helga Ólafsdóttir**.

Verðlaunahafar eiga það sameiginlegt að hafa uppá síðkastið sýnt „ört vaxandi árangur sem tónhöfundar“, eins og segir á tilheyrandi verðlaunaskjölum. Mælistikan á það er öðru fremur eftirtektarverð aukning í úthlutun undanfarin misseri vegna opinbers flutnings á verkum þeirra. Með viðurkenningnum vill stjórnin hvetja þessa höfunda til frekari dáða.

VIÐBURÐIR, VINNUSTOFUR & FLEIRA

Bragfræðsla – Söngtextanámskeið Braga Valdimars

Þann 5. maí sl. bauð tón- og textahöfundurinn góðkunni, **Bragi Valdimar Skúlason**, uppá námskeið í söngtextagerð í höfuðstöðvum STEFs. Fór hann yfir nokkur mikilvæg atriði við textagerð; Hvað ber að varast og hvaða töl þurfa að vera í vopnabúrinu? Hvað rímar og hvað ekki? Og er ekki hægt að kalla þessa gervigreind til góðra verka?

Mjög góður rómur var að gjörður, enda Bragi orðlagður fyrir orðfimi. Aðsókn var geysigóð og komust mun færri að en vildu. Vonandi fáum við hann til að endurtaka leikinn síðar.



Smellasmíði #3

Í janúarlök bauð STEF meðlimum uppá námskeið í popplagasmíðum undir heitinu „Smellasmíði“, nk. sjálfstætt framhald samnefnds verkefnis sem áður hefur verið haldið. Þótti námskeiðið lukkast mjög vel, en leiðbeinendur nú voru **Birgir Steinn Stefánsson** og **Bjarki Ómarsson** (Bómarz). Farið var yfir helstu þætti við sköpun popplaga, auk þess sem þátttakendur fengu handleiðslu í að þróa áfram hugmyndir. Aðsókn var umfram það sem við var ráðið og því er næsta víst að boðið verði uppá slíkt námskeið aftur á komandi misserum.

AIRSONGS – Lagasmíðabúðir ISC

STEF hefur stutt við lagasmíðabúðirnar AIRSONGS, sem **Iceland Sync Creatice** hefur staðið fyrir reglulega undanfarin ár. Síðastliðið sumar sóttu búðirnar fulltrúar á vegum STEFs og nú í sumarbyrjun verða haldnar aðrar slíkar búðir, þar sem STEF mun eiga fulltrúa. Að þessu sinni er stílað inn á unga og uppnennandi höfunda og eru búðirnar kjörið tækifæri til að öðlast reynslu og mynda tengsli.

SyncCamp '24 í Póllandi

Í fyrravor sóttu tveir meðlimir STEFs lagasmíðabúðirnar SyncCamp í Póllandi, sem ZAIKS, systursamtök STEFs og Music Export Poland hafa staðið fyrir um nokkurra ára skeið, en áhersla er þar lögð á tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarp. Þetta var í fjórða skiptið sem okkur hefur boðist að senda höfunda þangað. Ferðasjóður STEFs greiddi kostnað við ferðalagið, en annað var í höfðinglegu boði námskeiðshaldara. Fulltrúar okkar í fyrra voru **Eygló Höskuldsdóttir Viborg** og **Karl Örvarsson**, sem sendi okkur eftirfarandi umsögn við heimkomu:

„Þetta var sannkallað ævintýri og ég er óendanlega þakklátur fyrir þetta tækifæri. Aðstandendur og leiðbeinendurnir eru fyrsta flokks og þekking þeirra og víska sem þau hafa deilt er ómetanleg! Sambönd hafa orðið til og svo síðast en ekki síst undursamleg tónlist. Þúsend þakkir til ykkar hjá STEFi.“

Meðfylgjandi myndir voru teknar í fyrra. Næstu búðir verða núna í maí og að þessu sinni verða fulltrúar okkar þau **Salka Valsdóttir** og **Magnús Jóhann Ragnarsson**.



Vindur í seglum 2024-25



Mentor-verkefnið Vindur í seglum heldur áfram, en staðið hefur verið fyrir því annað hvert ár, undanfarin sex ár, þannig að þetta er í þriðja skiptið. Á þriðja tug þátttökuumsókna bárust í haust og var Jafnréttisnefnd STEFs sem fyrr vandi á höndum, því margar voru verðugar og áhugaverðar.

Nefndin afréð að velja þær **Helgu Rún Guðmundsdóttur**, **Malen Áskelsdóttur** og **Önnu Róshildi**. Verkefninu lýkur í haust.

Bransaveislan 2024

Líkt og undanfarin ár fór s.k. Bransaveisla fram samhliða Airwaves-hátíðinni sl. haust. Veislan felur í sér áhugaverðar kynningar og fyrirlestra, sem bransafólki býðst að sækja sér til fróðleiks og tengslamyndunar. Það er Tónlistarmistöð sem hefur veg og vanda af veislunni, en STEF kemur jafnan að nokkrum viðburðanna og bauð nú uppá fyrirlestur **Zach Fuller**, frá Polaris Hub, sem á undanförunum árum hefur samið við helstu tónlistarveitur f.h. norrænna höfundaréttarsamtaka, þ.á.m. STEF. Zach miðlaði af þekkingu sinni á sviði streymis og ræddi um það hvert streymir á því sviði.

Fræðslu- og kynningarfundir á liðnu starfsári

Sl. haust var boðið uppá kynningar- og fræðslufund fyrir höfunda á Akureyri, hvar starfsmaður STEFs, **Hreiðar Hreiðarsson**, sem búsettur er nyrðra, kynnti starfsemina. Svipaður fundur var haldinn á Sauðárkróki um sama leyti, þar sem **Arnar Freyr Frostason** frá þjónustudeild, bættist í hópinn.

Þann 24. mars sl. bauð STEF upp á fræðslufund sérstaklega ætlaðan útsetjurum og upptökustjórum. Fjallaði **Sindri Magnússon**, þjónustustjóri STEFs, þar um réttindi og hlutdeild slíkra aðila í höfundaréttartekjum og praktískt atriði sem vert er að huga að við samstarf og skráningu.

Þá var í apríl boðið uppá fræðsluerindi í höfuðstöðvum STEFs við Laufásveg, þar sem **Ísabella Lövenholdt**, starfsmaður þjónustudeildar, fræddi um praktísk atriði varðandi STEF, m.a. „Mínar síður“, einkum laga- og tónleikaskráningar. Fjallað var stuttlega um streymisþjónustur og atriði sem ber að hafa í huga við að koma tónlist á framfæri.

TENGÐ FÉLÖG – NEFNDIR OG RÁÐ

- STEF er aðili að IHM (Innheimtumiðstöð rétthafa), hagsmunasamtökum 11 höfundaréttarsamtaka, sem annast innheimtu og úthlutun á gjaldi vegna eintakagerðar til einkanota, sem og gjaldi fyrir endurvarp sjónvarps. Í stjórn IHM sitja fyrir hönd STEFs, **Guðrún Björk Bjarnadóttir** og **Hjörtur Ingvi Jóhannsson**. Ásamt þeim situr svo **Bragi Valdimar Skúlason** og **Þuríði Jónsdóttir** í fulltrúaráði IHM.
- STEF á aðild að Fjölís, hagsmunafélagi sjö höfundaréttarsamtaka, sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum er njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Í stjórn Fjölís fyrir hönd STEFs situr **Páll Ragnar Pálsson**. Í fulltrúaráði Fjölís situr **Guðrún Björk Bjarnadóttir**, auk tilnefnds stjórnarmanns.
- STEF á aðild að Samtóni, sem er samstarfsvettvangur STEFs og SFH (Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda). Stærstu verkefni Samtóns eru að halda Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV) og Dag íslenskrar tónlistar (DÍT). Fulltrúar STEFs í stjórn Samtóns eru **Guðrún Björk Bjarnadóttir** og **Páll Ragnar Pálsson** auk **Braga Valdimars Skúlasonar**. Framkvæmdastjóri ÍTV og DÍT er **Kristján Freyr Halldórsson**.
- **Guðrún Björk Bjarnadóttir** situr f.h. STEFs í stjórn Tónlistarmiðstöðvar.
- Í stjórn Upptökusjóðs STEFs sitja **Eypór Gunnarsson**, **Oliver Kentish**, **Ragnheiður Gröndal** og **Ragna Kjartansdóttir**.
- Í stjórn Nótnasjóðs STEFs sitja **Tryggvi M. Baldvinsson**, **Hildur Kristín Stefánsdóttir**, **Hafdís Bjarnadóttir** og **Úlfar Ingi Haraldsson**.
- Í stjórn Stórverkasjóðs STEFs sitja **Elísabet Indra Ragnarsdóttir**, **Gunnhildur Einarsdóttir**, **Óttarr Proppé** og **Hallur Ingólfsson** auk **Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur**.
- Í stjórn Ferðasjóðs STEFs sitja **Lárus Grímsson** og **Rósa Birgitta Ísfeld**.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs RÚV og STEFs sitja fyrir hönd STEFs þau **Védís Hervör Árnadóttir** og **Tryggvi M. Baldvinsson**, en auk þeirra situr útvarpsstjóri í stjórninni. Varamenn eru **Hallur Ingólfsson** og **Þórunn Ósk Marinósdóttir**.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs Bylgjunnar og Stöðvar 2 sitja fyrir hönd STEFs þau **Bragi Valdimar Skúlason** og **Páll Ragnar Pálsson** og auk þeirra forstjóri Sýnar eða annar aðili tilnefndur af SÝN.
- Í stjórn Tónlistarsjóðs kirkjunnar og STEFs situr fyrir hönd STEFs **Hilmar Örn Agnarsson** og er **Hildigunnur Rúnarsdóttir** varamaður hans.
- Fyrir hönd STEFs situr í Höfundaréttarráði **Karólína Eiríksdóttir** og til vara **Óttarr Proppé**.
- Í hinni íslensku dómnefnd Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna sitja þau **Pétur S. Jónsson**, **Hilmar Oddsson**, **Margrét Örnólfsdóttir**, **Hilmar Örn Hilmarsson** og **Guðrún Björk Bjarnadóttir**. STEF annast umsýslu þessara verðlauna fyrir hönd Íslands.
- Matsmenn STEFs eru þeir **Hallur Ingólfsson**, **Ingi Garðar Erlendsson** og **Eypór Gunnarsson**.
- Nefnd um kirkjulegar athafnir vegna úthlutunar: **Óskar Einarsson**, **Regína Ósk Óskarsdóttir** og **Þórir Úlfarsson**.
- Í Jafnréttisnefnd STEFs sitja **Sóley Stefánsdóttir**, **Snorri Helgason**, **Páll Ragnar Pálsson** og **Eliza Newman**.

MENNINGARSJÓÐUR STEFs

STEF styrkir innlenda menningarstarfsemi á ýmsan hátt í gegnum *Menningarsjóð STEFs*. Ekki er þó hægt að sækja um styrki í þennan sjóð, heldur styrkir hann föst verkefni samkvæmt ákvörðun stjórnar STEFs hverju sinni. Í samræmi við samþykktir STEFs skal af því fé sem samtökin innheimta greiða fyrst opinber gjöld og síðan allan rekstrarkostnað, en af því sem þá verður eftir skal af innlendum tekjum greiða allt að 10% til Menningarsjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna. Úr þeim sjóði er heimilt samkvæmt ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs á ári hverju að úthluta fé til starfsemi aðildarfélaga STEFs. Skulu félögin eiga jafnan rétt til úthlutunar, enda sé fjármununum varið til sambærilegrar starfsemi. Öll ráðstöfun fjár úr Menningarsjóði skal vera gegnsæ og tilgreind í ársreikningi samtakanna og skulu aðildarfélögin gera sérstalega grein fyrir ráðstöfun úthlutaðs fjár.

Tillag í Menningarsjóð nam 48.2 milljónum króna árið 2024. Það er rúmlega sex milljón króna hækkun frá fyrra ári. Af menningarframlaginu var úthlutað kr. 10.441.464 til hvors aðildarfélags, sem er allnokkur hækkun frá fyrra ári. Þess ber þó að geta að framlag til félagann hafði haldist lítt breytt árum saman. Undanfarin ár hefur STEF veitt framlag til reksturs ÚTÓN, en sú starfsemi hefur færst inn í Tónlistarmiðstöð, sem nú nýtur framlags.

Sundurgreining á notkun fjár úr Menningarsjóði kemur fram í ársreikningi og er sem hér segir:

Menningarsjóður STEFs:	2024	2023
Staða í ársbyrjun	1.706.419	4.528.281
Framlag STEFs	48.200.000	42.000.000
Til úthlutunar	49.906.419	46.528.281
Tillag til TÍ	10.441.464	7.058.004
Tillag til FTT	10.441.464	7.058.004
Framlag v. Samtóns	910.750	1.889.095
Framlag v. Dags ísl. tónlistar	1.081.058	1.287.649
Framlög v. Ísl. tónlistarverðlaunanna	5.817.576	6.038.150
Framlag v. Tónlistarmiðstöðvar	2.500.000	0
Framlög v. "Vindur í seglum"	600.000	0
Framlag v. ÚTÓN	0	1.737.522
Framlag í Upptökusjóð	7.000.000	6.000.000
Styrkir stjórnar	1.500.000	1.800.000
Framlag í Stórverkasjóð	4.400.000	4.340.000
Önnur framlög og kostnaðarþáttaka	4.159.984	7.613.438
Úthlutað á árinu:	48.852.296	44.821.862
Staða í árslok:	1.054.123	1.706.419

RÁÐSTÖFUN MENNINGARFRAMLAGS AF HÁLFU AÐILDARFÉLAGA STEFS

Félag tónskálda & textahöfunda (FTT) - Greinargerð v. 2024

Starfsemi FTT var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2024.

Sérstakar plötukynningar voru áfram haldnar í 12 Tónum á Skólavörðustígnum og höfundaverðlaun FTT voru áfram veitt á Músíktílaunum, en það eru vegleg peningaverðlaun, sem hafa fengið mikil og góð viðbrögð. Er tilgangurinn að hvetja unga höfunda til dáða um leið og þetta er tækifæri fyrir félagið að nálgast og næra grasrót íslensks tónlistarlífs betur. Þá var haldin söngvasmiðja á Eyjaslóð, þar sem höfundar fengu tækifæri til að vinna saman — og að auki með hljóðsögumanni. Fjöldmörg lög urðu þarna til og náðu sum þeirra bæði spilun og almennri hylli. Hefðbundin garðveisla var haldin á menningarnótt, þar sem Karl Orgeltríó, Andrea Gylfa og Valdimar Guðmundsson skemmtu. Þá var farið í sérstaka menningarferð á Selfoss, þar sem sjálfur Einar Bárðarson leiddi féлага um það gjöfuga og tónelska svæði.

Auk þessa sinnti félagið fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við höfunda. Þá var fundað með systurfélögum FTT á norðurlöndum á vettvangi NPU. Að þessu sinni í Kaupmannahöfn. Fulltrúar höfunda frá bæði Færeyjum og Grænlandi hafa bæst í hópinn, auk þess sem fulltrúar Sama voru boðnir velkomnir. Mikið vær rætt um áhrif gervigreindar á afkomu höfunda og hefur þegar verið gripið til aðgerða til að setja bönd á skráningu gervigreindartónlistar til að verja hlut höfunda.

Sundurliðun rekstrarkostnaðar má sjá hér að neðan, sbr. ársreikning FTT:

Menningarframlag STEFs:	10.441.464	Útgöld:	
		Laun og launatengd gjöld	6.019.297
		Funda- og viðskiptakostnaður	583.604
		Ferðakostnaður	210.385
		Félags- og aðildargjöld	1.328.424
		Gjaldfærð áhöld og tæki	191.415
		Sími og skrifstofukostnaður	186.644
		Rekstur og tölvub. v heimasíðu	237.582
		Reikningsleg aðstoð	404.860
		Ofgreitt rekstrarframlag STEFs	2.279.897
		Samtals:	11.442.108

Tónskáldafélag Íslands (TÍ) - Greinargerð v. 2024

Menningarframlag STEFs til Tónskáldafélags Íslands fór í hefðbundinn rekstur félagsins svo sem framkvæmdastjórn, stjórnarlaun, ferðalög, skrifstofukostnað, bókhald og frágang ársreiknings.

Félagsstarf

Gunnhildur Einarsdóttir er í 20% starfshlutfalli sem framkvæmdastjóri félagsins og öðrum 20% vegna framkvæmastjórnar á Myrkum músíkdögum.

Myrkir músíkdagar

Myrkir músíkdagar fóru fram nú í lok janúar við einstaklega góðar undirtektir. Mætingin var gríðarlega góð, flestir tónleikanna fóru fram fyrir fullum sal, eða allt að því, og viðtökur áhorfenda jákvæðar. Á dagskránni voru líkt og áður u.þ.b. 80% verkanna eftir íslenska höfunda, bæði frumflutningar og önnur ný verk. Miðasala tvöfaldaðist frá síðasta ári og uppgjör endaði í hagnaði.

Alþjóðlegt samstarf

Tónskáldafélagið er aðili að Norræna tónskáldaráðinu, NKR, sem m.a. heldur úti tónlistarhátíðinni Norrænum músíkdögum. Hátíðin hefur hingað til verið haldin til skiptis í aðildarlöndunum en í ár bar svo við að hátíðin var í Glasgow, í fyrsta sinn utan norðurlandanna. Á hátíðinni voru verk tíu íslenskra tónskálda. Framundan er verið að skoða samstarf við Eystrasaltslöndin, hátíðir í Grænlandi, Samísku þjóðirnar í Skandinavíu, svo dæmi séu nefnd.

Formaður sótti einnig fundi ECSA í París og Brussel ásamt fulltrúum FTT.

Félagið er einnig aðili að ISCM World New Music Days hátíðinni sem haldin er í hverju aðildarlandanna ár hvert. Í ár fór hátíðin fram í Færeyjum og tókst vel upp. Tvö íslensk tónskáld áttu verk þar þetta skiptið.


F.h. Tónskáldafélags Íslands




Páll Ragnar Pálsson, formaður

Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2024


Rekstrartekjur




Rekstrargjöld




Tekjur að fráðregnum rekstrargjöldum




Hreinar tekjur




Úthlutanir - Eðli og dreifing



Skipting rekstrartekna 2024



Skipting innlendra flutningstekna 2024



SAMTALS: 762.957.840

■ Útvarp og sjónvarp ■ Veitingahús ■ Verslanir ■ Tónleikar ■ Önnur bakgrunnstónlist

Upplýsingar um úthlutanir og frádráttarliði

Hér er getið sérstaklega nokkurra úthlutunar- og frádráttarliða í samræmi við tilskipun ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttargreiðslna. Að öðru leyti skal vísað í ársreikning STEFs, sem fyrir liggur á vefsíðu samtakanna (www.stef.is > Um STEF).

Úthlutanir innanlands 2024:		Frádráttarliðir:
113.773.750	Úthl. v. útv. og sjónv. (þ.m.t. VOD)	21,6% kostn.hlutfall & 10% menningarframl
	Þar af eru 36.693.055 skilgr. sem „bakgr.tekjur“	
132.740.689	Aðrar „bakgrunnstekjur“	21,6% kostn.hlf. & 10% menningarframl.
26.006.000	Frumflutningur	0
114.984.627	Sala á hljóðritum & streymi (NCB & NMP)	Af NCB: 0% / Af NMP: 10% menn.framl. og 3% umsýsl.gj.
44.271.452	Lifandi flutningur (tólnl. & aðrar samkomur)	10% umsýslugjald *
158.116.317	Flutningur erlendis	3% umsýslugjald
589.892.835	Samtals	

*Ath. á hvern lagalista sem úthutað er fyrir fá viðkomandi höfundar síðan 10% greitt ofan á úthlutun.

Tekjur frá erlendum systursamtökum 2024

Erlend systursamtök innheimta höfundaréttindatekjur fyrir STEF, sem úthlutar þeim áfram til rétthafa STEFs. Erlendar flutningsréttartekjur 2024 skiptust svo á milli landa (af heild eru rúml. 34 millj. v. streymis):

Bandaríkin	33.091.241	Ísrael	515.096
Þýskaland	24.429.350	Írland	388.729
Danmörk	17.380.369	Portúgal	376.614
Bretland	14.019.239	Rúmenía	359.612
Frakkland	8.767.152	Ungverjaland	321.516
Kanada	8.193.765	Tyrkland	294.689
Svíþjóð	7.611.937	Eistland	264.279
Sviss	6.747.890	Nýja Sjáland	261.315
Holland	5.778.418	Hong Kong	258.538
Finnland	4.632.691	Grikkland	222.413
Ítalía	4.404.001	Kólumbía	212.463
Japan	3.129.359	Lettland	184.742
Belgía	3.017.928	Litháen	171.094
Noregur	2.856.912	Argentína	170.622
Austurríki	2.587.189	Thailand	146.134
Ástralía	1.860.689	Slóvakía	129.314
Spánn	1.770.975	Taiwan	74.406
Pólland	1.667.480	Slóvenía	69.872
Suður Afríka	1.279.244	Króatía	64.811
Brasilía	1.191.951	Malasía	31.082
Tékkland	645.930	Svartfjallaland	13.552
Chile	556.042	Samtals:	160.150.645

Aðrar tekjur en flutningstekjur

Frá *Sambandi flytjenda og hljómplötframleiðenda* (SFH) þiggur STEF þóknun fyrir innheimtu SFH-gjalda, sem STEF innheimtir af viðskiptavinum samhliða innheimtu höfundaréttargjalda. Þær tekjur dragast frá rekstrargjöldum áður en til frádráttar kemur frá réttindatekjum, sem og hlutdeild í úthlutun IHM vegna eintakagerðar til einkanota, sem úthlutað er saman með flutningsréttindum fyrir bakgrunnstónlist. Þá tekur STEF á móti úthlutunum nokkurra umsýslustofnana sem og umsömdum greiðslum og ráðstafar áfram með úthlutunum úr hinum ýmsum sjóðum, en af þeim úthlutunum (sértekjum) er ekki dregið rekstrar-, eða umsýslugjald, né framlag í Menningarsjóð. Þessar tekjur eru tilgreindar í ársreikningi og eru:

Aðrar tekjur frá umsýsl.stofnunum 2024:	
42.715.076	Úthlutun frá IHM, vegna eintakagerðar til einkanota
31.060.489	Innheimtuþóknun frá SFH (Samb. flytj. & hljómplötuframl.)
Sértekjur tónmenntasjóða 2024:	
9.618.857	Úthlutun frá FJÖLÍS (Nótnasjóður)
11.340.000	Úthlutun frá IHM, vegna kapalútvarps (Upptökusjóður)
16.796.660	Sértekjur frá RÚV (Tónskáldasj. RUV & STEFs)
3.000.000	Sértekjur frá SÝN (Tónskáldasjóður Bylgjunnar & Stöðvar 2)
3.000.000	Sértekjur, framlag STEFs (Tónskáldasj. Bylgjunnar & Stöðvar 2)
Ógreiddar úthl. við áramót 2024-25:	
53.595.668	Ógreitt vegna úthlutana
43.075.415	Ógreiddur staðgreiðsluskattur af úthlutunum
251.301.772	Ógreidd erlend úthlutun (STIM)
347.972.855	Samtals ógreitt um áramót

Upplýsingar um meðlimi og skráningar 2024

Fjöldi höfunda á skrá í lok árs 2024	10.668
Nýir höfundar á árinu 2024	292
Fjöldi verka á skrá í lok árs 2024	122.535
Fjöldi verka með skráðan flutning á árinu 2024	26.890
Fjöldi höfunda sem fengu úthlutað á árinu 2024	4.100

Leiftur frá liðinni tíð



Frá aðalfundi á Laufásvegi 40 snemma á tíunda áratugnum. Höfundar fylgjast einbeittir með upplestri úr ársreikningi. Eiríkur Tómasson, framkvæmdastjóri, ritar fundarferð, Einar Hafliði, endurskoðandi, rýnir í tölurnar.






Eiríkur, Valgeir Guðjónsson og Magnús Kjartansson kyrja rútubílasöng í óvissuferð stjórnar og starfsfólks, líklega 1990.



Björgvin Halldórsson, Rúnar Júlíusson, Jóhann Helgason, Gunnar Þórðarson, Ragnhildur Gísladóttir og Ragheiður Gröndal í 60 ára afmælisfögnuði STEFs (janúar 2008).





Hanna Fríða Jóhannsdóttir, gjaldkeri og móttökustjóri STEFs undanfarin ár, kvaddi okkur um síðustu mánaðarmót og hverfur nú af vinnumarkaði. Hér er hún á tröppunum að loknum síðasta vinnudeginum. Við þökkum Hönnu Fríðu kærlega fyrir samveruna og vel unnin störf og óskum henni jafnframt gæfu og gleði á komandi árum 😊